



SAMTÖK GEGN MANSALI

STERK – samtök gegn mansali býður upp á fræðslu í formi fyrirlestra og umræður að þeim loknum. Áhugasamir hafi samband við Kristbjörgu (kristbjorg@sterk.is) eða Fríðu Rós (frida@sterk.is) eða í síma 691 2006.

Fræðsla I. 30 mín. Takmarkið með fræðslunni er að gefa fólki hugmynd um eðli og umfang mansals og vændis á Íslandi sem og í nágrannalöndum okkar. Í fyrirlestrinum kynnum við niðurstöður rannsókna á vændis kaupendum og skoðum sérstaklega hvers vegna þeir kaupa vændi.

Fyrirlesturinn er almenn kynning og hentar þeim sem vilja öðlast grunnþekkingu á málefninu. Fræðslan hentar fyrir starfsfólk félagsamtaka, stofnana, fyrirtækja og öðrum hópum.

Fræðsla II. 2 tímar. Um vændi og mansal, eðli þess og umfang, konurnar sem selja sig og karlana sem kaupa þær. Hvers vegna fara sumar konur út í að selja vændi? Hvers vegna kaupa sumir karlar vændi? Reynslusögur vændis kaupenda skoðaðar og ræddar. Verkefnavinna. Takmarkið með fræðslunni er að brúa bilið milli almennra viðhorfa fólks um vændi og raunverulegt eðli þess og virkja fólk til taka þátt í umræðunni um vændi á Íslandi.

Hægt er að fá framlengingu á þessari fræðslu og þá er farið út í að vinna með ungu fólki við að skapa forvarnarfræðslu fyrir annað ungt fólk. Það getur verið í formi ljóðasamkeppni, stuttmyndasamkeppni og textagerðar svo einhver dæmi séu tekin. Tekið er mið af áhugasviði þátttakenda.

Fræðslan er tilvalin fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og menntaskóla, ungu fólki í félagsmiðstöðvum, íþróttafélögum og öðru æskulýðsstarfi.

Fræðsla III. 30 mín. Hvað er vændi og mansal? Hvert er eðli þess og umfang? Hvernig er hægt að draga úr vændi á Íslandi? Viðhorf, klámvæðing og dægurmenning ungs fólks. Hvernig vændi stundar ungt fólk, hvar finnur það vændi? Og hvernig leiðist það út í vændi? Hvað þurfa foreldrar og fólk sem vinnur með ungu fólki að vita?

Þessi fyrirlestur er ætlaður foreldrafélögum, starfsmönnum félagsmiðstöðva, unglingsathvarfa, kennurum og öllum þeim sem vinna með ungu fólki eða fyrir ungt fólk.